



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

## Til aðildarsveitarfélaga Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Selfossi, 7. september 2020  
2008013HS SG

### Efni: Aðalfundur 2020

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands verður haldinn seinni daginn á SASS þinginu þ.e. 30. október nk. að Hótel Stracta, Hellu, eins og kemur fram í bréfi framkvæmdastjóra SASS dags. 7. september 2020. Vakin er athygli á að aðildarsveitarfélög HSL eru með sama fjölda fulltrúa og talinn er upp hjá SASS með vísun í bréfið.

Tillögur sem sveitarfélög eða fulltrúar þeirra hyggjast leggja fyrir aðalfund HSL þurfa að berast **framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir 12. október n.k.**, þannig að þær liggi fyrir með öðrum fundargögnum.

Aðalfundarboð ásamt tilskildum fundargögnum mun liggja fyrir á sérstökum vefsvæðum í síðasta lagi þann 14. október n.k. Aðalfundarfulltrúum og öðrum skráðum fundarmönnum verða send lykilorð tímanlega til að komast inn á vefsvæðin. Athugið að mikilvægt að gæta þess að skrá á kjörbréf **rétt netföng** skráðra fulltrúa svo tryggt sé að þeir fái aðgang að fundargögnum.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi málefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir aðalfundinn má hafa samband við undirritaða með því að senda tölvupóst á netfangið: [sigrun@hsl.is](mailto:sigrun@hsl.is) eða hringja í síma 8618669.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri